

Skipulagsstjóri  
Sveitarfélagið Hornafjörður  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 19. október 2016  
UST201609-141/K.S.J.  
10.04.03

## **Efni: Lýsing. Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012 – 2030. Tillaga að breytingu á landnotkun**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 22. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu á breytingu á landnotkun aðalskipulagsins.

Í ofangreindu erindi kemur fram að ferðaþjónusta hefur aukist mjög í sveitarfélaginu. Einnig kemur fram að áætlað er að breyta landnotkun á 9 stöðum innan sveitarfélagsins úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði, en á þeim svæðum er heimil uppbygging nýrra mannvirkja í þágu ferðaþjónustu. Umhverfisstofnun tekur undir markmið er fram koma í kaflanum *Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingar*, og telur mikilvægt að þau verði höfð að leiðarljósi við allar áætlanir um uppbyggingu: *Vel verði vandað til umhverfishönnunar vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar, hæðarsetningar og afstöðu húsa, landmótunar og aðlögunar að landi, frágangi vega og bílastæða. Skýr ákvæði verði skilgreind um húsagerðir og frágang, um gróður og nærsvæði húsa. Markmiðið verði að fella byggð sem best að umhverfinu og tryggja heildarsvip sem sæmir svæðinu.*

### **Skipulagssvæðin**

Ofangreind svæði þar sem auka á ferðaþjónustu eru dreifð um sveitarfélagið. Sum svæðin eru í nágrenni náttúruminja og þá er mikilvægt að ekki verði röskun á mikilvægum náttúruminum. Einnig bendir stofnunin á að skv. skipulagsreglugerð 90/2013 skal ekki áætla framkvæmdir nærri ám, sjó og vötnum en 50 m.

### **Smáhýsi**

Í lýsingu kemur fram að á mörgum af þeim 9 jörðum sem framkvæmdir eru áætlaðar á, stendur til að reisa smáhýsi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að huga að staðsetningu þeirra, að þau séu ekki áætluð í röðum eins og við þéttbýlisgötu, frekar að staðsetning þeirra sé áætluð útfrá

umhverfinu/landslaginu. Einnig bendir stofnunin á að svæði með smáhýsum eru meira aðlaðandi ef hugað er að gróðursetningu umhverfis smáhýsasvæðið, þá verða sjónræn áhrif heldur ekki eins mikil.

Umhverfisstofnun undirstrikar mikilvægi þess að verndargildi náttúruminja rými ekki við áætlaða uppbyggingu.

Virðingarfyllt

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur